



KLIFURHÚSIÐ

Erindi

Dagsetning: 09.08.2022

Höfundur: Klifurfélag Reykjavíkur

Viðtakandi: Menningar-, íþrótt-, og tómstundaráð

Efni: Húsnæðisvandi Klifurfélags Reykjavíkur

Í ljósi nýjustu vendinga og óvissu um framtíðaráætlanir varðandi miðstöð fyrir jaðaríþróttir í Toppstöðinni í Elliðaárdal viljum við ítreka og koma á framfæri áhyggjum Klifurfélags Reykjavíkur varðandi húsnæðismál félagsins. Fyrirhugaðar tafir og seinangangur kalla á úrlausnir og aðgerðir til að taka á framtíðaróvissu með núverandi aðstöðu. Núverandi húsnæði félagsins í Ármúla 23 er löngu sprungið og í því getur félagið ekki lengur sinnt grunnþörfum iðkenda með fullnægjandi hætti.

Núverandi leigusamningurinn fyrir Ármúla 23 rennur út í mars 2023, eða eftir rúma 7 mánuði. Eins og kom fram í erindi félagsins til ráðs ÍTR í janúar síðastliðnum hefur félagið fengið vilyrði frá húseigendum fyrir framlengingu að hámarki 12-18 mánaða gegn hærri húsaleigu. Erindi þess efnis hefur legið á borði ÍTR síðan í febrúar og mikilvægt að við klárum það mál sem fyrst svo hægt tryggja veru okkar áfram þar næstu mánuði- og vonandi þar til framtíðarhúsnæði finnst. Að öllu óbreyttu þurfum við að loka starfsemi okkar í lok árs til að tæma húsnæði ef ekki er gengið til samninga sem fyrst.

Félagið leggur því til að þar til að áætlanir um framtíðarhúsnæði eru komnar á hreint að stefnt sé að því að halda áfram starfsemi í Ármúla 21 og semja við núverandi eigendur um framlengingu á leigusamning. Í þessu samhengi leggur félagið sérstaka áherslu á að Toppstöðin myndi fullnægja fjölbreyttum þörfum framtíðarhúsnæðis félagsins er varðar lofthæð og fermetrafjölda ásamt ákjósanlegri staðsetningu miðsvæðis á Höfuðborgarsvæðinu. Félagið er eina klifurfélag Reykjavíkur og iðkendur þess koma úr öllum hverfum borgarinnar.

Ef áætlanir um jaðarmiðstöð í Toppstöðinni í Elliðaárdal verða að veruleika er líklegt að flutningur á starfseminni geti átt sé stað í fyrsta lagi 2026-27. Í ljósi þess að húsnæðisvandi félagsins er brýnn og aðstaðan sprungin leitar það lausna til að geta haldið úti starfsemi næstu 3-5 árin. Sú lausn felur í sér að leigja annan sal og opna útibú fyrir félagið svo hægt sé að dreifa álagi á stundatöflu. Í húsnæðinu við hliðina á núverandi aðstöðu er laus til leigu 527fm lagerpláss þar sem hægt væri að smíða klifursal og höfum við verið að kanna þann möguleika á stækkun undanfarið. Fyrstu tölur hljóma upp á 2200 kr. p m2 og myndi sú leiga þá bætast við núverandi leigu. Við leggjum áherslu á að slíkar skammtímalausnir eru ekki fýsilegar til lengri tíma litið þar sem kostnaður við smíði klifurveggja, kaup á dýnum og flutningi er mikill.

Félagið stefnir því á að sækja um hækkun á rekstrarstyrk vegna leigu á núverandi húsnæði og vegna viðbótarhúsnæðis ásamt hækkunar á þjónustustyrk félagsins sem er í dag 3,3 millj. á ári. Síðustu ár hefur félagið verið að safna fyrir flutningum og á því sjóð sem getur kostað hluta af framkvæmdum við að stækka við sig en myndi einnig sækja um styrk fyrir framkvæmdunum úr borgar- og verkefnasjóð. Að smíða klifurveggi og útbúa aðstöðu fyrir íþróttina er kostnaðarsamt og því leggjum við áherslu á mikilvægi þess að vinna langtímalausn á húsnæðisvanda félagsins.

Virðingarfyllt,

Starfsmenn Klifurfélags Reykjavíkur